

Sp.

### 35. Tillaga til þingsályktunar

um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um eignarnám á lóðum og húsum á landspildu þeirri, sem er austanvert við Menntaskólann í Reykjavík, milli Amtmannsstígs, Bókhlöðustígs og Þingholtsstrætis. Skal síðan leggja land þetta og húseignir til afnota fyrir skólann, kennara hans og nemendur.

#### Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hefur Alþingi lagt eina milljón króna til Menntaskólans á Akureyri til byggingarframkvæmda og jafnmikið til Menntaskólans í Reykjavík í sama skyni. Á Akureyri er nú að verða fokheld heimavist fyrir 150 nemendur, auk húsnæðis fyrir nokkra ógifta kennara. Enn fremur verða í þessu nýja húsi salarkynni fyrir söfn skólans og mótuneyti nemenda. Í Reykjavík tókst miður að nota þessa fjárveitingu. Þáverandi menntamálaráðherra afréð án þingheimildar að flytja skólann á hæðirnar vestan við Klepp og reisa þar skólahverfi fyrir 15 millj. króna. Keypti menntamálaráðherra í þessu skyni erfðafesturéttindi á allstóru landsvæði með nokkru húsnæði, sem var þó ekki íbúðarhæft. Munu þessi réttindi með tilheyrandi kofum hafa kostað um 400 þús. kr. Ráðherra sendi síðan kunnáttumenn í kennslumálum og húsagerð til annarra landa til að fá heppilegar fyrirmyndir að þessu nýja menntahverfi. En þegar þeirri ferð var lokið, kom í ljós, að forráðamenn Reykjavíkur höfðu afhent sama landið útgerðarfélögum í bænum undir fiskstöð. Sat stjórnin nú uppi með erfðafesturétt á landi, sem bannað var að nota nema fyrir fiskhús. Ráðherra vildi nú flytja hinn nýja skóla á land golfklúbbsins á Öskjuhlíð, en þá risu golfmenn eindregið á móti því að missa landið frá íþrótt sinni. Flytjendur þessa máls héldu því fram, að hið gamla timburhús, sem er heimkynni menntaskólans, færi illa í Lækjargötu innan um þær skrautbyggingar, sem þar ætti að byggja. Vildu þeir því láta rífa skólann til að fegra miðbæinn. Gamlir menntaskólánemendur fóru á stúfana og mótmæltu þessari meðferð á skóla, sem hafði um aldarskeið verið aðalmenntastofnun landsins og þinghús þjóðarinnar nálega allan starfstíma Jóns Sigurðssonar. Var öllum kunnugum ljóst, að aðsteðjandi fátækt ríkissjóðs og mótþrói gamalla nemenda mundi hindra flutning skólans. Var þess vegna ekki um annað að gera en fylgja í fótspor norðlenska skólans og byggja ný hús á skólastaðnum gamla, en þar vantaði lóðaréttindi. Hins vegar var aðsókn mjög vaxandi, þannig að nú munu þar vera á 6. hundrað nemendur og tvisett í flestar stofur. Þegar hér var komið sögu, flutti ég á þingi í fyrra tillögu þá, sem hér er fram borin í annað sinn. Fáum dögum síðar varð eldur laus í timburhúshverfi því, sem er á bak við skólann, og brunnu þar allmörg hús eða skemmdust stórlega af eldi, einmitt á því svæði, sem þarf að kaupa vegna skólans, ef hann á að geta leyst núverandi verkefni sitt. Þjuggust þá flestir við, að ríkisstjórnin og Alþingi mundu tafarlaust bera fram á þingi frv. um eignarnám á brunalóðunum. Sýnilegt var, að skólinn yrði ekki fluttur, heldur aukið við húsakost hans, þar sem hann var. En málinu var ekki sinnt, og tillagan um kaup á hinum nauðsynlegu lóðum kom ekki til annarrar umræðu. Er málið nú borið fram í annað sinn. Má öllum vera sýnilegt, að eðlilegra er að bæta við núverandi húsakost skólans í miðbænum, svo að skólinn verði sæmilega settur með húsakost, heldur en að leggja út í nýbyggð utanbæjar, sem lengi mundi standa ónotuð. Menntaskólahúsið er falleg bygging úr traustu efni á fegursta stað í bænum. Eru við húsið tengdar margar sögulegar minningar. Þeir

menn, sem lita á það hús eins og afsláttarhest, skilja ekki helgi sögulegra minninga í hugum menntaðra manna.

Með þeirri aðsókn, sem nú er orðin að menntaskólunum, hafa þeir skipt um hlutverk. Fyrrum voru slíkir skólar undirbúningsstofnanir fyrir embættismenn og fáein fræðimannaefni. Nú verða menntaskólarnir að búa meginþorra nemenda undir starfslífið og margháttuð framleiðslustörf eða eiga á hættu að skapa þjóðhættulegan óreigalýð, sem trúir á skyldu mannfélagsins um framfærslu án nauðsynlegra starfa. Af þessari ástæðu þarf að hlynna betur að menntaskólanum en gert hefur verið. Rektor og helzt fleiri kennarar þurfa að búa í nánd við skólann. Íþróttahús skólans er mjög ófullkomið, en hefur með mikilli góðfýsi af öllum rektorum í 40 ár verið lánað öðrum skólum og íþróttafélögum til íþróttaiðkana. Enn fremur vantar skólann heimavistir, margháttuð verkstæði fyrir karla og konur, lesstofur, fundaherbergi og kennslustofur. Ef byrjað væri að byggja steinhús á lóðunum bak við skólann, mundi sú hætta, að skólahúsið færist í eldi, minnka stórlega, auk þess sem skólinn gæti betur en nú leyst af hendi ný og gömul verkefni.

Ef menntaskólinn væri rifinn og nýbyggð reist hans vegna utanbæjar, mundu nemendur og kennarar eyða að minnsta kosti 2000 kr. á dag í gjöld til strætisvagna og mikill tími fara forgörðum engum til gagns. Miðbærinn væri sviptur opinherri byggingu, sem prýtt hefur bæinn í hundrað ár og er þar bezt sett vegna hagsmuna almennings. Ákaflega litlar líkur eru til, að nokkur myndarbragur yrði á byggingu skólahverfis utanbæjar. Af fjárhagsástæðum er nú búið að stöðva byggingu iðnskóla við Skólavörðutorg, þó að nálega eitt þúsund iðnnemar séu að kalla má hús-villtir sökum vöntunar á skólastofum, Fæðingardeildin í Reykjavík fyrir 50 konur er fullgerð, nema þar vantar lyftu og innanstokksmuni. Þessi bygging er nauðsynlegri en flestar aðrar nýbyggingar, en þetta hús stendur ónotað mánuð eftir mánuð sökum þess, að gjaldeyri vantar fyrir tiltölulega lágri upphæð. Áreiðanlega mundi standa lengi á að reisa nýtt hverfi utanbæjar fyrir menntaskólann, ekki sízt þegar þess er gætt, að mörg hundruð gamlir nemendur skólans í ábyrgðarstöðum munu í kyrrþey tefja fyrir þessum framkvæmdum, eins og málum er nú komið. En engin von er um, að bjarga málum skólans úr núverandi ófremdarástandi nema með því að hefja nýbyggð við gamla skólahúsið.